

Fornleifakönnun í Hattardal
vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda
Ragnar Edvardsson

Bolungarvík 2018

Inngangur

Að beiðni Sverris Péturssonar tók undirritaður að sér fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda í landi Meiri Hattardals I og II í Álftafirði. Meiri Hattardalur liggur innanvert í botni Álftafjarðar, austan Hattardalsá, sem skiptir löndum Meiri- og Minni Hattardals. Áætlað er að virkja hluta árinna til framleiðslu á raforku til eigin nota (mynd 1).

Framkvæmdin samanstendur af byggingu; inntaksmannvirkis, fallpípu, stöðvarhúss og háspennustrengs. Einnig er áætlað að leggja veg frá Meiri Hattardal og að stöðvarhúsinu bæði vegna framkvæmdanna og svo auðvelt verði að komast að mannvirkjunum. Inntaksmannvirkið verður um 7 metra langt og 2 metrar að hæð, fallpípan verður um 1000 metrar að lengd og verður hún niðurgrafin, stöðvarhúsið verður um 25 fermetrar og háspennustrengur verður lagður frá stöðvarhúsi að Meiri Hattardal I og II. Strengurinn verður niðurgraffinn til að minnka sjónmengun og mun hann að mestu leiti fylgja fyrirhuguðum vegslóða.

Fornleifakönnuninni var skipt í tvo þætti; heimilda- og vettvangskönnun. Við heimildakönnun voru skoðaðar ritaðar heimildir, þ.e. jarðabækur, örnefnaskrár, osfrv, sem gætu gefið vísbendingar um fornleifar og við vettvangskönnun var gengið eftir tilvonandi vegstæði frá Meiri Hattardal og að inntaksmannvirki og kannað hvort fornleifar leyndust á svæðinu.

Þar sem hér er um afmarkaða framkvæmd að ræða var eingöngu framkvæmdarsvæðið sjálft skoðað með tilliti til fornminja. Ragnar Edvardsson sá um fornleifakönnun, frágang gagna og skýrsluskrif. Höfundur vill þakka heimildamanni Sverri Péturssyni, ábúanda á Meiri Hattardal II fyrir aðstoð á vettvangi.

Fornleifaskrá

141419 Meiri Hattardalur

Meiri Hattardalur er jörð í Álftafirði, austan Hattardalsár sem skiptir löndum Minni- og Meiri Hattardals. Jarðarinnar er víða getið í heimildum en elstu heimildir um jörðina eru frá 15. öld en þar er hún í skrá yfir jarðir í eigu Kristínar Björnsdóttur (D.I. V. 162-63; D.I. VI., 198; D.I. VIII., 904; D.I. XI., 23; D.I. XIII., 328-30; D.I. XV; 510). Í jarðabók Árna Magnússonar frá byrjun 18. aldar er Meiri Hattardal skipt í tvo bæi; Hattardal meiri og Hattardalshús. Samkvæmt lýsingu jarðabókarinnar stóð Hattardalur meiri á svipuðum slóðum og Meiri Hattardalur I stendur á nú og Hattardalshús stóð á þeim slóðum sem Meiri Hattardalur II stendur nú. Hattardalur meiri var metinn á 18 hundruð en Hattardalshús á 6 hundruð. Árið 1710 var Hattardalur meiri í eyði en búið var á Hattardalshúsum (Árni Magnússon 1940). Í jarðabók Johnsen frá 1847 er jörðin enn skipt í tvo bæi, Hattardal meiri og Hattardalshús en það síðarnefnda er skráð sem kot (Johnsen 1847).

141419-1

Sérheiti: Hattardalshús

Hlutverk: Heimild

Tegund: Bæjarstæði

Staðsetning: 613530N 316324E

Staðhættir: Hattardalshús stóð u.þ.b. 5 metra suðvestur frá núverandi íbúðarhúsi Meiri Hattardals II. Samkvæmt heimildarmanni eru rústirnar yst í garði íbúðarhússins þar sem garðurinn hallar niður að ánni.

Minjalýsing: Engar tóftir eru sjáanlegar á yfirborði.

Hættumat: Engin hætta.

141419-2

Sérheiti: Bjarnatóftir

Hlutverk: Tóft

Tegund: Íveruhús

Staðsetning: 612803N 316123E

Staðhættir: Gengið er inn Hattardalinn og eru rústirnar austan árinna á grónum mel u.þ.b. 600 metra beint suður af Meiri Hattardal I.

Minjalýsing: Minjarnar samanstanda af tveim rústum og er sú nyrðri stærri. Stærri rústin er tvíhólfa, lítið hólf norðanmegin en stórt sunnan. Stærri rústin er 14 x 8 metrar og er hún gróin og standa hleðslur í u.þ.b. 50 cm hæð. Minni rústin er tvíhólfa 6 x 6 metrar að stærð og er hleðsluhæð um 20 cm. Fjarlægð rústanna frá tilvonandi vegstæði er um 20 - 50 metrar.

Hættumat: Engin hætta.

141419-3

Sérheiti: Selið

Hlutverk: Tóft

Tegund: Sel

Staðsetning: 611939N 316424E

Staðhættir: Haldið er áfram inn Hattardalinn og austan árinna við jaðar birkiskógar stendur gróin rúst. Rústin stendur í u.þ.b. 1400 metra fjarlægð frá Meiri Hattardal I.

Minjalýsing: Rústin er gróin og samanstendur af þremur hólfum og er það syðsta stærst. Rústin er 16 x 7 metrar og er hleðsluhæð 0,20 – 0,50 metrar. Á allar hliðar er birkiskógur og er fyrirséð að rústin muni hverfa í skóglendi á næstu árum og áratugum.

Hættumat: Engin hætta.

141419-4

Sérheiti: Óþekkt

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Túngarður

Staðsetning: 613293N 316398E

Staðhættir: Svo til beint upp af núverandi íbúðarhúsi Meiri Hattardals I við jaðar túnsins austanmegin.

Minjalýsing: Garðurinn er um 100 metrar á lengd og 1 meter á breidd. Hann er grjóthlaðinn, vel gróinn og standa hleðslur hæst í eins metra hæð. Þetta eru eflaust leifar stærra garðs sem áður lá utan um túnið. Engin merki um túngarð sáust annars staðar.

Hættumat: Engin hætta.

Niðurstöður

Fornleifakönnun í Hattardal leiddi í ljós að engar minjar eru í hættu vegna framkvæmdanna. Á svæðinu þar sem áætlað er að leggja veg og háspennilínur milli Meiri Hattardals I og II sáust engar fornminjar og ritaðar heimildir, þ.e. örnefnaskrá, osfrv., bentu ekki til neinna fornminja á því svæði. Gamli bærinn á Meiri Hattardal I (Hattardalshús) stóð suðvestan við núverandi íbúðarhús og er það ekki í hættu vegna framkvæmdanna. Austan megin við túnið er túngarðsbrot en er það ekki í hættu vegna framkvæmdanna (myndir 2 og 5). Á svæðinu frá túnjaðri að stöðvarhúsinu voru tvær fornminjar, Bjarnatóttir (myndir 3 og 7) og Selið (myndir 4 og 6). Bjarnatóftir samanstanda af tveim rústum og er annað íbúðarhús en hitt útihús. Búið var á Bjarnatóftum á seinni hluta 19. aldar. Selið er vel gróið og samanstendur af einni tóft með þrem hólfum. Miðað við útlit rústanna má reikna með að selið hafi síðast verið í notkun á 17. eða 18. öld. Bjarnatóftir eru u.þ.b. 20 – 50 metra frá fyrirhugðu vegstæði en Selið meira en 50 metra. Ekki er hægt að gefa nákvæmar fjarlægðir frá vegstæði þar sem að veglína hefur ekki verið lögð út. Frá stöðvarhúsi að inntaksmannvirki sáust engar fornminjar.

Samkvæmt fornleifakönnun hafa fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í Hattardal engin neikvæð áhrif á fornleifar. Hafa ber þó í huga að óþekktar minjar geta alltaf komið fram við framkvæmdirnar, þá sérstaklega á svæðinu milli Meiri Hattardals I og II, og ef slíkt gerist ber framkvæmaraðila að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands.

Heimildir


Árni Magnússon og Páll Vídalín 1940. Jarðabók, VII. bindi. Reykjavík.

J. Johnsen, Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. J. Johnsen gaf út, Kaupmannahöfn, 1847.


Diplomatarium Islandicum [D.I.]. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörning, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn I-XVI. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík., 1857-1950.

Örnefnaskrár Meiri- og Minni Hattaradals.


Heimildamaður: Sverrir Kristjánsson.




Mynd 1. Framkvæmdarsvæðið í Hattardal.



Mynd 2. Túngarður.



Mynd 3. Bjarnatóftir.



Mynd 4. Selið.



Mynd 5. Túngarður.



Mynd 6. Selið



Mynd 7. Bjarnatóftir.

Forleifakönnun í Hattardal
vegna fyrirhugaðra
virkjunarframkvæmda